

REIKIMEISTARARÉTTINDI

Skírteini þetta var sótt á netið. Það gerði:



Japanskur matsedill

冷氣

Það vottast hér með að sá eða sú sem ritað hefur nafn sitt á línuna hér að ofan hefur fulla trú á því að hann eða hún (eða þeir eða þær eða þau, ef viðkomandi þjáist af kúlfnum persónuleika) hafi getu til að veita REIKI-meðferð eftir að hafa kynnt sér svoleiðis með einum eða öðrum hætti, lesið eitthvað á netinu eða þegið ráð af fólki sem hann/hún/þeir/þær/þau hefur aldrei hitt, en trúir sjálfst af öllu hjarta að sé útspekúleraðir meistarar á sviði REIKI.

Það skal þó áréttað að meistarinn sem lært var hjá hefur að öllum líkindum öðlast vottun sína með svipuðum hætti og þessi hér.

Engin ástæða þykir til að hamra á að ofanrituð/adur/adir/adar hefur að öllum líkindum aldrei meðhöndlað nokkurn mann með aðferðum REIKI eða hefur minnstu hugmynd um hvað REIKI á að snúast um. Það er enda engin þörf á því, því aðferðin felst aðeins í handayfirlagningu eða lauslegu káfi.

Ekki þykir heldur nokkur nauðsyn á því að taka fram að viðkomandi hefur sennilega enga hugmynd um það að hvaða leyti REIKI sker sig frá öðrum heilunaraðferðum, þar sem höndum er haldið upp við eða í námunda við líkama fólks, það nuddað eða snert.

Ofanritaður/ud/adir/adar hefur augjóslega séð mikilvægi þess að hafa öðlast réttindi sem þessi, til að geta meðhöndlað annað fólk með galdrakenndum seremóníum, enda heilmikinn pening upp úr því að hafa. Dæmið viðkomandi ekki hárkalega, við stjórnunstu nú einu sinni öll af græðgi og ótta. Það þykir líka mjög fint að hafa svona fint skjal innrammað uppi á vegg, gefur starfseminni virðulegt yfirbragð og tíundar mikilvægi þess sem skráður er á það. Öll viljum við finna til mikilvægis okkar, en eins og við vitum öll er alvöru læknanám er bæði dýrt og tímafrekt.



Vantrú.net

Stolið af vefnum aetw.org og skrumskælt

贗作